



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 41/2023

Fullyrðingar um sjálfbærni í markaðssetningu og auðkennum Arnarlax ehf.

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa sendi erindi til Arnarlax ehf. með bréfi, dags. 1. mars 2022, vegna fullyrðinga um sjálfbærni, umhverfissvæna framleiðslu o.fl. sem fram koma á vefsíðu félagsins og í „Sustainability report 2020“ sem er aðgengileg á vefsíðu félagsins. Stofnunin tiltók að grundvöllur málsins væru ábendingar sem stofnuninni höfðu borist og lutu að fullyrðingum Arnarlax. Eftir nánari skoðun Neytendastofu, m.a. á vefsíðu félagsins, taldi stofnunin að eftirfarandi fullyrðingar þörfnuðust nánari skýringa og sannana:

„Sustainability it's in our nature.“

„Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's terms.“

„Arnarlax ensures the quality of its salmon by striving to support fish health and reduce environmental impact with innovative aquaculture.“

„It is important to us that our fish feed have the correct balance of nutritional content, consistency and taste, as well as being gentle on the environment.“

„For example, in the winter we use a special blend of feed and require our feed suppliers to ensure that the ingredients they use are sustainability certified.“

„All Arnarlax farming activity has been through an environmental assessment process.“

Neytendastofa vakti athygli Arnarlax á eftirliti stofnunarinnar með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og tiltók að stofnunin teldi ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 13. gr. framangreindra laga kunni að eiga við um málið.



Með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa fram á að Arnarlax sanni ofangreindar fullyrðingar. Stofnunin óski sérstaklega eftir upplýsingum um hvort félagið hafi gert úttekt á áhrifum framleiðslu og vara félagsins á umhverfið með hliðsjón af reglum nr. 559/1994, um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd. Í 6. gr. umræddra reglna komi fram að ef orðið umhverfisvænt sé notað, eða önnur sambærileg, verði að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hafi frá upphafi til enda. Hér sé átt við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún sé lögð til hliðar.

2.

Svar Arnarlax barst með bréfi, dags. 29. mars 2022. Í bréfinu segir að ekki komi fram í erindi Neytendastofu frá hvaða aðilum Neytendastofu hafi borist ábendingar en því sé harðlega mótmælt að viðskiptahættir félagsins geti talist fara í bága við ákvæði laga nr. 57/2005.

Arnarlax sé fiskeldisfyrirtæki sem hafi verið stofnað á Bíldudal í ársbyrjun 2010 en undirbúningur að stofnun þess hafi hafist á árunum 2007-2008. Sjókvíeldi félagsins hafi hafist árið 2014 og árið 2016 hafi fiskeldisstarfsemi Fjarðalax ehf., sem einnig hafi starfað á Vestfjörðum, runnið inn í Arnarlax. Arnarlax sé nú stærsta fiskeldisfyrirtæki hér á landi og rækti aðallega lax í sjókvíum í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Höfuðstöðvar fyrirtækisins séu við Strandgötu á Bíldudal en að auki sé fyrirtækið með aðstöðu í Vesturbyggð og á Tálknafirði auk skrifstofu í Reykjavík. Að jafnaði starfi um 120 manns hjá fyrirtækinu en að auki hafi orðið til fjöldi afleiddra starfa á Vestfjörðum og víðar.

Stærstur hluti eldisleyfa Arnarlax stafi frá kaupum á fiskeldisfyrirtækinu Fjarðalax árið 2016 sem átti þá í miklum fjárhagserfiðleikum. Þau kaup hafi verið laxeldinu og nærsamfélaginu (sem þá hafi verið skilgreint af yfirvöldum sem „brothættar byggðir“) afar mikilvæg og hafi gert Arnarlaxi kleift að þróa greinina áfram og ná aukinni hagkvæmni á tilteknum hlutum virðisikeðjunnar og að stýra líffræðilegri áhættu (e. *bio-security*) mun betur.

Félagið leggi mikla áherslu á að starfsemin sé ábyrg og hafi sjálfbærni (e. *sustainability*) að leiðarljósi og hafi stigið fjölda skrefa í þeim tilgangi og aflað sér viðurkenndra vottana í því skyni. Hugtakið sjálfbærni hafi enn sem komið er ekki verið skilgreint í lögum. Notkun hugtaksins út frá starfsemi fyrirtækja hafi verið í þróun síðustu ár og hafi verið vísað til þess sem *samfélagsábyrgð fyrirtækja* (e. *corporate social responsibility*) en sé almennt að þróast yfir í hugtakið sjálfbærni sem þýðing á enska orðinu *sustainability*. Sjálfbærni feli ekki aðeins í sér umhverfisverndarsjónarmið heldur nái hugtakið einnig til samfélagslegra og efnahagslegra þátta í starfsemi fyrirtækja. Félagið leitist við að leggja þessa þætti til grundvallar í starfsemi sinni og leggi áherslu á gagnsæja upplýsingagjöf til hagaðila sinna um sjálfbærni í starfsemi sinni.

Til aðgreiningar er bréfinu skipt í átta efniskafla.

1. Sjálfbærnisráðgjafi – ófjárhagsleg upplýsingagjöf/sjálfbærniupplýsingagjöf



Sjálfbæriskýrsla félagsins (e. *sustainability report*) sé unnin m.a. á grundvelli 66. gr. d. ársreikningalaga nr. 3/2006, sem fjalli um ófjárhagslega upplýsingagjöf félaga. Samkvæmt ákvæðinu skuli félög sem falli undir ákvæðið láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins. Skuli m.a. fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið sporni við spillingar- og mútumálum. Í liðum a til e sé nánar fjallað um þætti sem félag skuli fjalla um. Megi þar nefna að samkvæmt b-lið 1. mgr. skuli setja fram lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt 66. gr. d. laganna, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgi. Samkvæmt c-lið 1. mgr. skuli gefa yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt 66. gr. d. laganna. Samkvæmt d-lið 1. mgr. skuli gefa lýsingu á megináhættum sem tengist framangreindum málum í rekstri félagsins, þ.m.t. eftir því sem við eigi og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg séu til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið takist á við þá áhættu. Samkvæmt e-lið 1. mgr. skuli síðan fjalla um ófjárhagslega lykilmælikvarða sem séu viðeigandi fyrir viðkomandi félag.

Almennt sé vísað til slíkrar skýrslu sem sjálfbæriskýrslu, samfélagsskýrslu en einnig þekkest að slíkar upplýsingar séu settar fram í ársskýrslu félaga eða í sérstakri skýrslu sem vísað sé til í ársskýrslu félaga, líkt og hjá Arnarlaxi. Félagið sé með sjálfbæriskýrslu 2021 í vinnslu og geri ráð fyrir að gefa hana út í apríl nk. til að standa skil á ófjárhagslegri upplýsingagjöf ársins 2021. Sjálfbæriskýrsla félagsins sé byggð á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum Global Reporting Initiative sem séu notuð af fjölda fyrirtækja í sama tilgangi. Ársreikningaskrá Skattsins hafi eftirlit með að félög sem falli undir ákvæði laganna standi skil á umræddri upplýsingagjöf. Markmiðið með því að gefa út sjálfbæriskýrslu sé bæði að hlíta umræddu lagaákvæði en jafnframt að upplýsa hagaðila fyrirtækisins um starfsemina með birtingu ýmissa upplýsinga úr starfseminni í samræmi við 66. gr. d. ársreikningalaga. Umrædd lagagrein innleiði ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/95, sem kveði á um ófjárhagslega upplýsingagjöf ákveðinna fyrirtækja. Þess beri að geta að Evrópusambandið hafi birt drög að nýrri tilskipun sem muni breyta reglum um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Muni slík upplýsingagjöf verða nefnd sjálfbærniupplýsingagjöf og hafi sú orðnotkun þegar rutt sér til rúms.

Þær upplýsingar sem komi fram í sjálfbæriskýrslu félagsins falli því ekki undir það að vera auglýsingar eða markaðsefni heldur upplýsingagjöf í tengslum við ársreikningagerð og ófjárhagslega upplýsingagjöf samkvæmt ársreikningalögum. Ekki sé um að ræða auglýsingu í skilningi laga nr. 57/2005 og því eigi ákvæði 4. mgr. 6. gr. laganna ekki við um hina ófjárhagslegu upplýsingagjöf sem komi fram í sjálfbæriskýrslu félagsins. Ekki verði séð að Neytendastofa hafi sérstakt eftirlitshlutverk með framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga samkvæmt 66. gr. d. ársreikningalaga. Telji stofnunin svo vera verði aftur á móti að gera mörk slíks eftirlits gagnvart eftirliti ársreikningaskrá Skattsins mun skýrara en sé nú. Af þeirri ástæðu verði að líta svo á að efni sjálfbæriskýrslu fyrirtækja falli ekki undir eftirlit



Neytendastofu samkvæmt lögum nr. 57/2005 enda hafi önnur ríkisstofnun eftirlit með ófjárhagslegri upplýsingagjöf fyrirtækja.

2. Ákvæði laga um fiskeldi, nr. 71/2008

Félagið starfi eftir lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem veitt séu samkvæmt lögnum. Markmið laganna skv. 1. mgr. 1. gr. þeirra sé að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skuli í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýti slíka stofna. Til að ná því markmiði skuli tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir séu fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Ákvæði laganna séu ströng um alla umgjörð atvinnugreinarinnar og eftirlits með henni. Auk ítarlegra ákvæða í lögum um fiskeldi megi á heimasíðu Matvælastofnunar finna samantekt á því hvað þurfi til starfrækslu fiskeldisstöðva. Til að geta starfrækt fiskeldisstöð þurfi starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Áður en sótt er um rekstrarleyfi og starfsleyfi þurfi að liggja fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar, eða eftir atvikum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Bæði Umhverfisstofnun og Matvælastofnun auglýsi tillögur að leyfunum í fjórar vikur og hagaðilum sé gefinn kostur á að senda inn athugasemdir vegna leyfisveitinganna. Umsókn um leyfi skuli hafnað ef umsækjandi leggi ekki fram öll tilskilin gögn, ef umsækjandi uppfylli ekki kröfur skv. 2. másl. 2. mgr. 7. gr. laga um fiskeldi, ef framleiðsla yrði meiri en viðkomandi sjókvíaeldissvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati eða ef áhættumat erfðablöndunar og burðarþolsmat ásamt fleiri þáttum bendi til þess að fyrirhugað eldi feli í sér umtalsverða hættu á útbreiðslu sjúkdóma eða umtalsverð óæskileg áhrif á vistkerfi. Eftir að leyfi hafi verið gefin út lúti starfsemin ströngu eftirliti, sbr. 13. gr. a. og 14. gr. laga um fiskeldi, bæði innra eftirliti og eftirliti Matvælastofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum. Jafnframt skuli Matvælastofnun sannreyna með reglulegum hætti að innra eftirlit fyrirtækisins uppfylli kröfur laga og reglna og viðmið Matvælastofnunar um frávik í opinberu eftirlit.

Þess megi geta að áður en rekstrarleyfi eru gefin út fyrir eldi á sjókvíaeldisstöð þurfi m.a. að liggja fyrir svokallað stöðvarskírteini, sem byggist á rannsóknum á umhverfisþáttum á viðkomandi stað. Úttektin þurfi að uppfylla kröfur staðalsins NS 9415. Stöðvarskírteini sé ekki hægt að gefa út fyrr en farið hafi fram skoðun af faggiltri skoðunarstofu á sjókvíaeldisstöð sem skírteinið gildi um. Allt eftirlit með eldisbúnaði á vegum Arnarlax sé unnið samkvæmt áður nefndum staðli NS 9415. Meðal annars vegna innleiðingar á staðlinum og eldisbúnaðar sem samræmist honum hafi dregið úr fjölda strokulaxa sem sleppi úr sjókvíum Arnarlax. Einnig hafi dregið úr óreglulegu smástroki (leka). Öll tilskilin leyfi til starfsemi félagsins séu fyrir hendi og allir þættir eftirlits hafi verið uppfylltir og séu niðurstöður þess aðgengilegar, bæði á heimasíðu félagsins sem og hjá Matvælastofnun og



Umhverfisstofnun. Megi sérstaklega benda á ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga um fiskeldi. Þar segi að við útgáfu rekstrarleyfis skuli ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á grundvelli þessara laga gildi umfangsmikið regluverk og stjórnábylgjum framkvæmd sem miði m.a. að því að tryggja sjálfbæra þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd.

Sumar af þeim fullyrðingum sem Neytendastofa geri kröfu um að félagið sanni, leiði af ákvæðum laga um fiskeldi eða laga um mat á umhverfisáhrifum og eru óhjákvæmilegur undanfari þess að fá útgefin starfs- og rekstrarleyfi. Þar sem um sé að ræða lagaskilyrði sem stofnanir ríkisins sjái um framkvæmd á verði að gera kröfu til ríkisstofnunar á borð við Neytendastofu að hún láti þeim stofnunum sem sjái um framkvæmd laganna eftir að gæta þess að þau skilyrði sem lúti að rekstrarleyfi félagsins séu uppfyllt eða að sérstaklega þurfi að færa sönnur fyrir þeim. Er því jafnframt mótmælt að gerð sé krafa um að fyrirtæki þurfi að sanna fullyrðingu sem sé byggð á lögum.

Haldi Neytendastofa sig við þá kröfu að félagið þurfi að sanna upplýsingagjöf þess sem byggist á lögum þá verði með hliðsjón af framangreindu að líta svo á að fullyrðingar félagsins um eftirfarandi teljist sannaðar á grundvelli laga, enda hafi fiskeldisframkvæmdir Arnarlax allar farið í gegnum málsmeðferð sem leiði af lögum um mat á umhverfisáhrifum. Að öðrum kosti hefði félagið ekki fengið útgefin leyfi til starfseminnar.

„All Arnarlax farming activity has been through an environmental assessment process“

Til nánari skýringa þá sé hér vísað til málsmeðferðar samkvæmt eldri lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og núgildandi laga nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í þessu sambandi sé vert að vekja sérstaklega athygli á a-lið 1. gr. laga nr. 111/2021, þar sem segi að markmið laganna sé: „sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif“.

Hafa beri í huga að gildandi umhverfismatslöggjöf feli í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/52 um breytingu á tilskipun 2011/92 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið.

3. Umhverfisvöktun og eftirlit, áhættumat erfðablöndunar og burðarþolsmat

Í lögum um fiskeldi sé lagður grunnur að varúðarnálgun um umgjörð fiskeldis við landið og sé framkvæmt bæði áhættumat erfðablöndunar af hálfu stjórnvalda á grundvelli 6. gr. a. laga



um fiskeldi og burðarþolsmat fjarða eða hafsvæða skv. 6. gr. b. laganna. Jafnframt sé skv. 6. gr. laganna hægt að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljist sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fari samkvæmt lögum um fiskeldi. Ákvörðun um slíkt taki mið af markmiðum laganna. Að auki kveði lögin, eins og fyrr segi, á um ítarlegt og viðvarandi eftirlit Matvælastofnunar, skv. 14. gr. þeirra. Eftirlitið nái bæði til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Matvælastofnun framkvæmi einnig eftirlit með heilbrigði og velferð fiska og heilnæmi eldisafurða lögum samkvæmt, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna.

Félagið skili mánaðarlega skýrslu til Matvælastofnunar á grundvelli 2. mgr. 14. gr. laganna. Eftirlitsskýrslur og önnur gögn séu birt opinberlega á vefsíðu Matvælastofnunar. Rökin fyrir svo umfangsmikilli skýrslugjöf séu að með þeim fái stjórnvöld betri mynd af rekstrinum og efli eftirlit þeirra. Þannig beri félaginu, eins og öðrum leyfishöfum, að upplýsa um útsetningu á seiðum, framleiðslumagn stöðvar mælt í birgðum af fiski, afföll fisks, uppruna fisks, slátrað magn af eldiseiningu, stærð eldisrýmis og nýtingu þess, fóðurnotkun, sjúkdóma, viðkomu og vöktun á laxalús og óhöpp í rekstri. Rökin fyrir svo umfangsmiklu eftirliti séu m.a. að upplýsingar um magn sláturfisks gefi til dæmis vísbendingar um vöxt eldisfisks og afföll sem hægt sé að bera saman við tilkynnt afföll. Magn fóðurs gefi vísbendingar um frávik í rekstri og mögulega mengun. Útsett magn seiða, afföll á eldistíma og sláturmagn gefi upplýsingar um mögulegt stök sem rekja megi til eldisstöðvar. Upplýsingar um útsetningu á seiðum, framleiðslu og slátrað magn séu nauðsynlegar vegna eftirlits með leyfilegum lífmassa rekstrarleyfa.

Að auki sé kveðið á um innra eftirlit fiskeldisstöðva í 13. gr. a. laganna. Feli það í sér að rekstrarleyfishafi skuli hafa almennt eftirlit með starfsumhverfinu, þ.m.t. eldi eldisfiska og heilbrigði þeirra og vöktun á laxalús og öðrum sníkjudýrum. Félagið, líkt og aðrir rekstrarleyfishafar, starfræki þannig innra eftirlit sem feli í sér vöktun á tilteknum þáttum og hafi sett sér verklagsreglur m.a. um þjálfun starfsmanna og viðbragðsáætlanir varðandi olíumengun og slysasleppingar sem dæmi. Gæðahandbók sjókvíaeldis samanstandi af verklagsreglum og viðbragðsáætlunum sem finna megi rafrænt í gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins sem notað sé í starfseminni með nákvæmu utanumhaldi. Á grundvelli laganna sé það jafnframt skylda Matvælastofnunar að sannreyna innra eftirlit starfsleyfishafa með reglubundnum hætti.

Einn af þáttum í umhverfisvænu eldi sem félagið viðhafi sé að fylgjast með botni fjarðarins undir eldissvæðum og mögulegri uppsöfnun næringarefna. Set- og botndýrarannsóknir fari því fram undir sjókvíum og í næsta nágrenni þeirra. Vöktun botnsets fari fram samkvæmt svonefndu MOM vöktunarkerfi (Matfiskeanleggsovervakning-Modelling). Set undir sjókvíum sé mælt m.t.t. uppsöfnunar lífrænna efna. Fylgst verði með magni sets, sýrustigi, súrefnisþurrð, lykt, samsetningu sets, mögulegri gasmyndun og þykkt seyru. Botndýr séu flokkuð og fjölbreytni botndýralífs metin. Daglega sé fylgst með fóðrun eldisfisks og



fóðurnýtingu í kvíum, með neðansjávarmyndavélum í og við eldiskvíar. Stýring á fóðurnýtingu lágmarki úrgangsmýndun vegna fóðurleyfa.

Vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni og við eldiskvíar Arnarlax sé gerð í samræmi við staðalinn ISO 12878:2012 og meðhöndlun á botnsýnum og úrvinnsla þeirra sé í samræmi við staðalinn ISO 166665:2014. Þá sé uppsöfnun á lífrænu kolefni (TOC), köfnunarefni (N), fosfór (P) og súlfíð (H₂S) í botnseti við eldissvæði vöktuð og mæld samkvæmt staðlinum ISO 5667-19:2004. Vöktunin miðist við að kanna ástand áður en eldissvæði sé tekið í notkun, þegar lífmassi sé í hámarki í lok eldislotu kynslóðar og í lok hvíldar eldissvæðis, ef áætlað sé að nota svæðið á ný.

Jafnframt lúti félagið eftirliti Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit. Eftirlitið felist m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem félaginu beri að skila til Umhverfisstofnunar. Þar að auki geti viðbótareftirlit farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlunar um úrbætur, eftir því sem við eigi. Upplýsingar og gögn um starfsleyfisskilyrði félagsins, greinargerðir, vöktunaráætlanir, eftirlitsskýrslur, vöktun og mælingar og eftirfylgni frávíka séu birt opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Félagið færi jafnframt grænt bókhald sem sé skilað til Umhverfisstofnunar árlega auk útstreymisbókhalds. Þessi gögn séu einnig birt opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Enn fremur megi benda á að félagið hafi á undanförunum árum unnið markvisst að því að nýta allar aukaafurðir fiskeldisins sem ekki nýtist til manneldis. Árangur hafi verið góður og t.a.m. sé allur dauður fiskur settur/hakkaður í meltu sem sé nýtt ásamt afskurði í laxeldinu til framleiðslu hjá fyrirtækinu Arctic Protein.

Telji félagið að hið umfangsmikla eftirlit og ramminn sem sé mótaður um umgjörð fiskeldis á Íslandi, auk vottunar ASC og þess sem rakið sé á eftir, sanni þær fullyrðingar sem Neytendastofa vísi til. Eins og rakið sé á eftir séu jafnframt gerðar miklar kröfur til fóðurs í starfseminni sem félagið telji að styðji enn frekar við sönnun þessara fullyrðinga.

4. Alþjóðlega viðurkennt vottunarkerfi The Aquaculture Stewardship Council (ASC)

Í leiðbeinandi reglum um auglýsingar og umhverfisvernd, nr. 559/1994, sem vísað sé til í bréfi Neytendastofu sé í inngangsgreininni vísað til norræna umhverfismerkisins Svansins, sem hafi verið ein af fyrstu vottunum sem hafi orðið þekktar á Íslandi. Segi í greininni að framleiðandi vöru sem standist tilskildar kröfur geti sótt um að nota merkið á vöru sína. Í fiskeldi hafi verið þróað alþjóðlega viðurkennt vottunarkerfi sem beri heitið *The Aquaculture Stewardship Council (ASC)* og sé það sambærilegt við umhverfismerki Svansins en gildi fyrir fiskeldi og nái bæði til umhverfis- og samfélagslegra þátta. Í þeim tilgangi að geta lagt mat á sönnun fullyrðinga félagsins sé nauðsynlegt að Neytendastofa kynni sér umrætt vottunarkerfi og þær kröfur sem gerðar séu samkvæmt því.



Aðeins sé heimilt að nota merki ASC á matvöru frá fiskeldi sem hafi verið tekið út af sjálfstæðum óháðum aðila og vottað sem umhverfis- og samfélagslega sjálfbært. Kröfurnar snúist annars vegar að umhverfismálum og þurfi hver eldisstöð að sýna fram á að hún hafi markvisst minnkað áhrif sín á náttúrulegt umhverfi sitt og nái það til varfærinnar meðhöndlunar á heilbrigði fisks og auðlinda. Hins vegar snúi kröfurnar að samfélaginu. Hver eldisstöð þurfi að vera það sem kallað sé góður og vandvirkur nágranni, þannig að eldisstöðin sé rekin á samfélagslega ábyrgan hátt, sýni umhyggju fyrir starfsmönnum og vinni með nærsamfélagi sínu.

ASC sé staðall sem byggist á 8 köflum með yfir 400 skoðunatriðum þar sem farið sé ítarlega yfir að starfsemi fylgi alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum staðalsins, niðurstöður botnsýnarannsóknar rýndar, súrefniseftirlit sé skoðað, eftirlit sé með dýravelferð í sjókvímum, fóðurnotkun og innihald hráefna fóðurs og hvaðan það kemur ásamt niðurstöðum úr fínefnaprufum í fóðri áður en það fer út í sjó, eftirlit með afræningjum á eldissvæðum, eftirlit með sníkjudýrum og sjúkdómum, ítarlegt lúsaeftirlit, eftirlit með slysasleppingum, eftirlit með meðhöndlun sorps, efna og hvernig dauðfiski sé fargað. Þá sé farið yfir orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, farið yfir lúsalyf og aflúsunarmedferðir sem framkvæmdar hafi verið, eftirlit sé með fiskisjúkdómum og líföryggi (*e. Bio-security*). Í samfélagslega þættinum sé byggt á meginreglum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Lögð sé áhersla á að vottun tryggi öruggt vinnuumhverfi með mannsæmandi starfsumhverfi. Tekin séu viðtöl við starfsfólk bæði á sjó og í vinnslu og skoðaðir þættir eins og að mismunun líðist ekki, launamál, vinnuumhverfi, vinnusamningar, úrlausn árekstra, vinnutíma, þjálfun starfsfólks o.fl. Að lokum sé gerð ítarleg skoðun á því seiðaeldi þar sem laxinn var alinn til sjós, á því svæði sem vottunin nái til og farið yfir öll þau 400 atriði sem farið sé yfir í sjóeldi. Þess megi geta að kröfurnar séu í stöðugri þróun í opnu samráði við hagsmunaaðila. Vottunin geri þannig ríkar kröfur til fyrirtækja en skapi einnig tækifæri til að leita leiða til að bæta starfsemina með markvissum hætti.

Arnarlax hafi fyrst fengið vottun ASC árið 2018 á eldissvæðinu við Steinanes og Haganes. Í kjölfarið hafi bæst við Hringsdalur, Laugardalur, Eyri og Tjaldanes og sé það markmið félagsins að öll framleiðsla þess sé með vottun ASC. Eftirlitsúttekt sé framkvæmd árlega og endurúttekt þar sem fram fari sama ferli og við upphafsvottun sé gerð á þriggja ára fresti. Í dag séu fimm af sjö svæðum félagsins ASC vottuð en síðasta svæðið fari í upphafsvottunarferli nú í sumar og eitt svæði (Hringsdalur) hafi verið með vottun en sé nú í hvíld og sé vottun þess felld niður á meðan. Mikil og tímafrek vinna liggi að baki upphafsvottun ásamt því að viðhalda vottunum á eldissvæðum en félagið líti svo á að það sé nauðsynlegur þáttur í því að viðhalda markmiðum félagsins um sjálfbærni og tryggja háan gæðastaðal á vörum félagsins gagnvart kröfuhörðum viðskiptavinum. Þess beri að geta að Hringsdalur fari í endurvottun í byrjun árs 2023 þegar lífmassi þar nái >75%. Stöðin sé nú í hvíld sem þýði að þar sé enginn fiskur úti.



Staðfesting á því að félagið sé með ASC vottun fyrir Atlantshafslax (einu afurð félagsins) megi finna á heimasíðu *The Aquaculture Stewardship Council* auk þess sem afrit vottana fylgi bréfi þessu til staðfestingar á vottun svæðanna.

Að mati félagsins séu kröfur þær sem gerðar séu til fyrirtækja samkvæmt *The Aquaculture Stewardship Council* svo ríkar að þær staðfesti að starfsemi þess uppfylli ýtrustu kröfur sem gerðar séu á hverjum tíma til starfsemi á sviði fiskeldis. Til viðbótar við hina ströngu umgjörð íslenskra laga um fiskeldi, nr. 71/2008 og eftirlits sem kveðið sé á um þar, bæði af Matvælastofnun og Umhverfisstofnun auk innra eftirlits félagsins, sem jafnframt sé undir eftirliti eftirlitsstofnana, séu vottanir þær sem aflað hafi verið sönnun á því að félagið geti staðið undir fullyrðingum þeim sem dregnar séu fram í bréfi Neytendastofu.

5. Kröfur til fódurs

Fóðurnotkun sé eitt af því sem hafi lykiláhrif á vöxt og viðgang fisksins og því eitt af áhersluatriðum félagsins til að tryggja að hann þrífist. Félagið leggi enda ríka áherslu á heilnæmi fódurs. Bæði á heimasíðu félagsins og í sjálfbærnisráðgjöf sé upplýst um þær áherslur og jafnframt séu birtar skýrslur frá fódurframleiðanda Arnarlax, Skretting, sem selji fódur úr vottuðu hráefni og með nákvæmum innihaldslýsingum. ASC vottun félagsins geri ríkar kröfur til fóðurnotkunar, m.a. að slík notkun hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið, innihalds hráefna fódurs og hvaðan það komi ásamt niðurstöðum úr fínefnaprufum í fódri (til að meta samkvæmni) áður en það fari út í sjó. Fódur félagsins uppfylli m.a. eftirfarandi kröfur og sé það byggt á upplýsingum frá framleiðanda sem sömuleiðis sé með vottaða starfsemi:

Ekkert ethoxyquin er notað

100% vottað Soya svo ekki er ógn við eyðingu skóga

98% vottað fiskimjöl

Astaxanthin andoxunarefni notað sem litarefni í fódur

Óerfðabreytt fódur

Fóðurhráefni koma ekki frá svæðum sem ógnað er af skógareyðingu

Fóðurhráefni koma ekki frá fiskistofnum í útrýmingarhættu

Fóður og eftirlit; fylgst sé vel með fiski á svæðum af þeim starfsmönnum sem vinni í fóðurstöð (OPC) fyrirtækisins. Myndavélar fari upp og niður eftir kvíum, hitastig og súrefnisstyrkur sé mældur á sírita. Til að sjá nýtingu fódurs á svæðum sé notað svokallað Spillfree kerfi og vikulegir fundir séu haldnir með sérfræðingum Spillfree og starfsfólki fóðurstöðvar fyrirtækisins til að hámarka nýtingu fódurs.

Félagið eigi gríðarlegt magn upplýsinga til að styðja við upplýsingagjöf sína vegna fódurs. Til að lesa úr mörgum af þeim gögnum þurfi sérfræðipækkingu á því sviði sem um ræði enda um afar sérhæfðan geira að ræða. Félagið sé reiðubúið til að hitta Neytendastofu á fundi til að fara yfir þær upplýsingar og leggja fram frekari gögn. Fódurframleiðandi félagsins hafi gefið út fóðurtöflu með yfirliti yfir hráefni það sem notað sé í framleiðslu félagsins. Nánari



upplýsingar megi sjá í meðfylgjandi gögnum, m.a. staðfestingu á vottun fóðurframleiðandans, en þar megi sjá nýlega fódurtöflu með helstu upplýsingum um vottað hráefni.

6. BRC matvælaöryggisvottun

Félagið hafi hlotið BRC vottun í júní 2021 en um sé að ræða vottun frá viðurkenndum aðila sem snúi að matvælaöryggi, pökkun, geymslu og dreifingu, neytendavöru og fleiri þáttum. Um sé að ræða staðal sem skiptist í 9 kafla með yfir 280 skoðunatriðum. Fyrstu 7 kaflar staðalsins séu teknir út í laxavinnslu Arnarlax og feli í sér eftirfarandi þætti:

Skuldbinding stjórnenda
Matvælaöryggisplan
Kröfur vinnsluhúsnæðis og búnaðar, innan sem utan
Vörustjórnun
Stýring ferla
Starfsmenn

Gæðaeftirlit í laxavinnslu sé yfirgripsmikið og meðal þátta sem séu skoðaðir séu eftirfarandi:

- Daglegt gæðaeftirlit á fiski í vinnslu þar sem hitastig er mælt á klukkutíma fresti fyrir ísun, annað eftirlit þar sem afurð er skoðuð í heilu lagi og flökuð samkvæmt viðurkenndum gæðastaðli (QIM) og litur mældur samkvæmt SalmoFan staðli.
- Annað daglegt eftirlit frá því að fiskur kemur inn úr brunnbát þar til búið er að loka gámum til flutnings með bílum á höfuðborgarsvæðið. Allt eftirlit er skráð í ferlinu m.a. hitastig fisks við dælingu, hitastig í kælitönkum, í kæli, kvörðun á gæðaeftirlitsvog og hitamælum, hitaeftirlit og miðaeftirlit á kössum.
- Þrifaftirlit áður en vinnsla hefst er framkvæmt daglega. Þá er farið yfir alla beina og óbeina snertifleti afurðar í framleiðslunni og þeir skoðaðir og ATP mældir samkvæmt vikuplani.
- Geymsluþolseftirlit hjá Matís. Fiskur er sendur til Matís í geymsluþols- og skynmat a.m.k. árlega.
- Næringarupplýsingar og fitusýruprófíll – Fiskur frá hverri uppskeru er sendur á rannsóknarstofu til rannsókna á næringu og fitusýruprófíll og dregin eru þar út gildi á fitusýrunum Omega 3 og 6 ásamt EPA/DHA og heildarfitu %.

Vottunarferli sé strangt og tímafrekt. Markmiðið með því að sækja um vottunina sé m.a. að geta sýnt fram á gæði þess fisks sem komi frá félaginu auk þess sem það sé mikilvægur þáttur í að leitast við að tryggja matvælaöryggi, sem sé eðlileg afleiðing af áherslum félagsins á sjálfbærni í starfseminni.

7. Samfélagið og efnahagur

Með sjálfbærni sé, eins og áður segi, unnið með efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega þætti í starfsemi fyrirtækja. Höfuðstöðvar fyrirtækisins séu á Bíldudal en



bærinn hafi hafið þátttöku í verkefninu „*Brothættar byggðir*“ árið 2013 undir heitinu „Bíldudalur – samtal um framtíðina“. Því verkefni hafi lokið í lok árs 2016 og eins og segi á heimasíðu Byggðastofnunar um verkefnið þá hafi því verkefni lokið formlega og hafi það verið sameiginleg ákvörðun íbúa, sveitarfélags og Byggðastofnunar að þess væri ekki lengur þörf vegna jákvæðrar þróunar í byggðarlaginu, ekki síst vegna uppgangs í atvinnulífi. Á síðunni komi fram að á Bíldudal sé næg atvinna og miklar breytingar hafi orðið vegna starfsemi laxeldisfyrirtækisins Arnarlax, en þar starfi nú fjöldi íbúa byggðarlagsins. Fyrirtækið sé nú stærsti vinnuveitandi staðarins. Fyrirtækið sé jafnframt með starfsemi í fimm sveitarfélögum á Íslandi.

Í sjálfbærnisráðgjöf félagsins sé einnig að finna ýmsar upplýsingar um hvernig hugað sé að nærsamfélaginu í starfsemi félagsins. Megi þannig nefna að félagið hafi verið í samstarfi við Fisktækniskólann til að vinna að menntun starfsmanna sinna. Í væntanlegri skýrslu verði fjallað um að árið 2021 útskrifuðust 10 starfsmenn úr skólanum og á árinu 2022 sé gert ráð fyrir að 8 starfsmenn til viðbótar útskrifist úr náminu. Árið 2021 hafi stjórn félagsins samþykkt jafnréttisáætlun fyrir árin 2021-2023 og hafi félagið hlotið jafnlaunavottun í desember 2021.

Móðurfélag félagsins sé skráð á markað og þurfi því að uppfylla auknar kröfur laga til skráðra fyrirtækja, m.a. hvað varði stjórnarhætti. Því fylgi líka birting upplýsinga um afkomu félagsins en góð efnahagsleg afkoma leggi nauðsynlegan grunn að sjálfbærni félags. Félagið hafi látið vinna samantektir um framlag þess til samfélagsins sem það starfi í (aðgengilegar á heimasíðu). Þar sé m.a. tekið saman skattspor félagsins en skattspor feli í sér öll gjöld og skatta sem greidd séu í tengslum við starfsemi fyrirtækisins. Nú sé unnið að skattsporgreiningu vegna 2021 og sé áætlað að skýrsla vegna þess liggi fyrir á komandi dögum.

8. Umhverfisfullyrðingar Arnarlax

Í athugasemdum við breytingar á lögum um fiskeldi sem urðu að lögum nr. 101/2019 segi undir yfirskriftinni „*umhverfisvæn ímynd*“ að ef markmið lagasetningarinnar gangi eftir ætti sérstaða íslensks fiskeldis að aukast, þar sem fiskeldi verði byggt upp í sátt við umhverfið. Þetta geti þýtt hærra verð fyrir íslenskar afurðir í samanburði við erlendar. Verið sé að byggja upp nýjan atvinnugeira og sé lagaumgjörð um hann í stöðugri skoðun. Eins og að framan sé rakið skapi lagaramminn atvinnugeiranum strangt og umfangsmikið eftirlit en að lágmarki hafi Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Fiskistofa og Vinnueftirlitið eftirlit með starfsemi félagsins. Eins og komi fram í markmiðsgrein laga um fiskeldi sé markmið þeirra m.a. að stuðla að ábyrgu fiskeldi og til að ná því markmiði skuli leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar. Gerðar séu ýmsar kröfur í þeim tilgangi. Til viðbótar við eftirlit framangreindra stofnana hafi félagið aflað sér alþjóðlegrar viðurkenndrar vottunar ASC auk vottunar BRC á sviði matvælaöryggis og fleiri þátta. Slíkar vottanir séu kostnaðarsamar og mannaflafrakar en til að geta sýnt fram á sjálfbæran rekstur sé ráðist í slíkar vottanir. Í upplýsingagjöf félagsins, bæði á heimasíðu og í sjálfbærnisráðgjöf komi fram



upplýsingar um ASC vottunina en sumar af þeim fullyrðingum sem Neytendastofa krefjist sönnunar fyrir séu settar fram til að útskýra verkferla hjá félaginu vegna ASC vottunarinnar. Það verði að teljast alvarlegt ef íslenskt stjórnvald taki ekki gildar alþjóðlegar vottanir sem íslensk fyrirtæki hafi aflað sér til að vera samkeppnisfær á alþjóðlegum vettvangi og veiti upplýsingar sem byggja á slíkum stöðlum.

Meðal þeirra fullyrðinga sem Neytendastofa fari fram á að félagið sanni séu eftirfarandi:

„Sustainability it's in our nature“

Um sé að ræða slagorð eða orðaleik sem lýsi sýn félagsins með hliðsjón af því umhverfi sem það starfi í og fyrirtækið sé staðsett í, bæði út frá hinni íslensku náttúru og samfélaginu sem það starfi í. Á heimasíðunni segi enn fremur að sjálfbærni sé í arfleiddinni þar sem löng hefð sé fyrir sjálfbærri háttsemi í afskekktum og ósnertum íslenskum fjörðum, sem sé leiðarljós fyrirtækisins sem aðferð við að ná framúrskarandi gæðum. Mikilvægar ákvarðanir sem teknar séu í rekstrinum byggja á þessari sýn, m.a. ákvörðun um að afla ASC vottunar til að sanna nálgun fyrirtækisins gagnvart sjálfbærni og staðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins í bæ sem áður taldist „brothætt byggð“. Því sé mótmælt að í þessari sýn felist villandi upplýsingar enda sé sjálfbærni ríkur þáttur í starfseminni eins og að framan sé rakið og mikil áhersla lögð á gagnsæi í starfseminni, með því að birta eftirlitsskýrslur á heimasíðu fyrirtækisins og með árlegri sjálfbærniupplýsingagjöf sem byggja á viðskiptamódeli fyrirtækisins um sjálfbært fiskeldi. Í tengslum við þessar áherslur hafi félagið fengið skráð vörumerki sem innihaldi orðið „sustainable“ sem hafi verið skráð athugasemdalaust hjá Hugverkastofunni:

Arnarlax SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON (orð- og myndmerki)

Icelandic Salmon SUSTAINABLE SALMON FROM ARNARLAX

„Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's term“

Þessi setning sé sett fram bæði í sjálfbærnisráðgjafi félagsins árið 2021 og á heimasíðu þess. Á báðum stöðum sé hún útskýrð frekar og sett í samhengi en þær upplýsingar komi ekki fram í bréfi Neytendastofu. Allur textinn sé eftirfarandi:

„Sustainable salmon farming therefore takes place on the fish's terms where we do not exceed 13kg/m³ during winter and 19kg/m³ during summer to make sure that our fish has enough space to swim around in the cages. This means that the salmon must come first in all aspects of our work.“

Þéttleiki kvía sé tryggður yfir sumar og vetur svo fiskur fái sitt pláss. Á veturna hafi félagið sett sér innanhúss markmið um að ekki sé farið yfir 13m³ og á sumrin sé ekki farið yfir 19m³. Umhverfisstofnun hafi sett hámark á þéttleika í kvíum sem sé 25kg/m³ í starfsleyfum



Arnarlax. Arnarlax fari að sjálfsögðu ekki yfir þau mörk og geti lagt fram gögn því til staðfestu telji Neytendastofa þörf á því.

„Arnarlax ensures the quality of its salmon by striving to support fish health and reduce environmental impact with innovative aquaculture.“

Vísað sé til strangrar umgjarðar íslenskra laga um fiskeldi og þeirri umgjörð um eftirlit sem þau skapi sem sanni þessa fullyrðingu. Jafnframt sé vísað til ASC vottunar fyrirtækisins til að sanna þessa fullyrðingu. Með vottuninni sé það staðfest að félagið leggi sig fram við að styðja við heilbrigði fisksins og að draga úr umhverfisáhrifum. Jafnframt sé sífellt leitað leiða til að uppfylla lagareglur og kröfur sem gerðar séu í stöðlum og ábendingar um úrbætur séu teknar alvarlega. Hvað varði nýsköpunarþáttinn þá megi nefna að hvað varði lúsaeftirlit þá hafi Arnarlax verið fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hefja notkun hrognkelsa til minnkunar á lús í kvíum og því verið brautryðjandi þar. Öll hrognkelsi séu frá Benchmark Genetics á Íslandi og séu íslensk.

„It is important to us that our fish feed have the correct balance of nutritional content, consistency and taste, as well as being gentle on the environment“ og

„For example, in the winter we use a special blend of feed and require our feed suppliers to ensure that the ingredients they use are sustainability certified.“

Þessi setning sé hluti af stærra samhengi. Á heimasíðunni séu þessar setningar birtar saman. Þessar setningar séu líka birtar í sjálfbærnisráslu félagsins sem hluti af ófjárhagslegri upplýsingagjöf. Þar sé allur textinn svona:

„Fish feed must have the correct nutritional content, consistency, and taste and additionally be gentle on the environment. We require our feed suppliers to ensure that the ingredients they use are certified, so we can confidently sell a product that has been sustainably produced. This means that the feed ingredients are not genetically modified, have not been produced in areas threatened by deforestation, and do not depend on endangered fish stocks.“

Þessar upplýsingar byggi á kröfum sem settar séu fram undir ASC vottun og félagið uppfylli. Treysti Neytendastofa ekki á þær upplýsingar sem komi fram í ASC vottuninni þá séu einnig upplýsingar hjálagað þessu til sönnunar um hinn norska fóðurframleiðanda félagsins. Félagið eigi enn fremur ítarlegri upplýsingar um fóður sem hægt sé að leggja fram telji Neytendastofa þörf á.

Að lokum segir í bréfinu að fiskeldi sé ekki óumdeild starfsemi á Íslandi sem kunni að vera skýring á því að Neytendastofa hafi borist ábendingar vegna fullyrðinga félagsins. Við mat á sönnun á fullyrðingum þeim sem gerðar séu athugasemdir við þurfi hins vegar að leggja mat



á fullyrðingarnar út frá fleiri þáttum en umhverfi en efni bréfsins sé „umhverfisfullyrðingar“ Arnarlax. Upplýsingagjöf félagsins snúi að mun fleiri þáttum en umhverfisáhrifum en það gleymist gjarnan að sjálfbærni varði líka efnahagslega og samfélagslega þætti sem sé ekki síður mikilvæg í starfsemi félagsins.

Eins og hér hafi verið sýnt fram á byggist fullyrðingar félagsins, sem vísað sé til í bréfi Neytendastofu, á gögnum og faglegum niðurstöðum óháðra aðila, leyfisveitenda og eftirlitsstjórnvalda. Þá verði að hafa í huga að leyfisveitingar félagsins grundvallist meðal annars á lögum um mat á umhverfisáhrifum og því liggi umtalsverðar rannsóknir að baki starfs- og rekstrarleyfum, sem til dæmis birtist í matsskýrslu og álitum Skipulagsstofnunar eða ákvörðunum stofnunarinnar um matsskyldu. Umhverfismatsferli og leyfisveitingar fari í gegnum ítarlegt stjórnsýsluferli, þar sem hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi stjórnvöldum gefist færi á að gera athugasemdir og eftir atvikum kæra niðurstöður. Ekki verði séð að Neytendastofa hafi tilefni né hlutverk við að endurmeta afstöðu annarra stjórnvalda í þessum efnum og vísist þar til hlutverks stofnunarinnar samkvæmt lögum. Einnig vísist til stjórnskipulegu aðgreiningarreglunnar en samkvæmt henni sé stjórnvaldi óheimilt að leggja sjónarmið til grundvallar ákvörðunum sínum til að ná fram markmiði sem öðru stjórnvaldi beri að vinna að lögum samkvæmt. Stjórnvöld eigi að halda sig innan valdmarka sinna og vinna að þeim markmiðum sem þeim beri að vinna að lögum samkvæmt, en láta vera að taka afstöðu til málefna sem heyri undir aðra og þau teljist ekki hafa sérþekkingu á.

Félagið sé reiðubúið að láta Neytendastofu í té allar þær upplýsingar sem stofnunin telji nauðsynlegar til að varpa ljósi á málið, enda megi telja ljóst að fullyrðingar fyrirtækisins um sjálfbærni, umhverfisvæna framleiðslu o.fl. séu málefnalegar og studdar umtalsverðum gögnum. Hafi stofnunin frekari spurningar eða athugasemdir við þau atriði sem hafi verið reifuð þá sé velkomið að hafa samband við félagið. Félagið sé einnig reiðubúið að hitta fulltrúa Neytendastofu á fundi til að fara betur yfir málið. Þá gæfist til dæmis færi á að útskýra nánar þau sjónarmið sem hafi verið reifuð og þær gæðavottanir og kröfur sem fyrirtækið uppfylli og vinni eftir og eftir atvikum koma að gögnum eða sýnishornum um gæðaeftirlit félagsins eða aðra þá þætti sem Neytendastofa telji þörf á.

Félagið áskilji sér allan rétt til að setja fram frekari sjónarmið og gögn á síðari stigum ef þörf krefji.

Meðfylgjandi bréfi Arnarlax var fjöldi fylgiskjala sem taldi alls 21 staflið sem ekki verður gerð nánari skil hér.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. mars 2023, vísaði stofnunin í fyrra bréf stofnunarinnar og svarbréf félagsins frá 29. mars 2022 og þær skýringar og athugasemdir sem þar var að finna. Svarbréf Arnarlax, ásamt fylgiskjölum, sé ítarlegt, umfangsmikið og fari um víðan völlu. Í bréfinu sé m.a. vísað til laga nr. 71/2008, um fiskeldi, og að félagið starfi á grundvelli starfs-



og rekstrarleyfa sem veitt séu samkvæmt lögum. Þá sé vísað til þess að starfsemi félagsins sé vottuð alþjóðlegu vottunarkerfi, ASC, sem taki bæði til umhverfis- og samfélagslegra þátta. Í bréfinu komi jafnframt fram að gera verði kröfu til ríkisstofnunar á borð við Neytendastofu að stofnunin láti þeim stofnunum sem sjá um framkvæmd þeirra laga sem vísað sé til í bréfi félagsins eftir að gæta þess að þau lagaskilyrði sem lúta að rekstrarleyfi félagsins séu uppfyllt eða að sérstaklega þurfi að færa sönnur fyrir þeim. Þá sé því mótmælt að gerð sé krafa um að fyrirtæki þurfi að sanna fullyrðingar sem séu byggðar á lögum.

Framangreindu til svara sé rétt að vekja athygli á því að Neytendastofa fari með eftirlit með lögum nr. 57/2005 í þágu neytenda og beri að framfylgja boðum og bönnum laganna, ef tilefni sé til. Líkt og réttilega sé tekið fram í bréfi félagsins fari Neytendastofa ekki með eftirlit með útgáfu rekstrarleyfa, starfsleyfa eða annarra atriða sem eiga við um starfsemi Arnarlax enda sé erindi stofnunarinnar ekki byggt á ákvæðum þeirra laga heldur hugsanlegra óréttmætra og villandi fullyrðinga í auglýsinga- og kynningarefni félagsins. Í lögum nr. 57/2005 sé fjallað um hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Samkvæmt gildissviði laganna nái það til hvers konar atvinnustarfsemi, sem fram fari gegn endurgjaldi, án tillits til þess af hverjum hún sé rekin, sbr. 1. og 3. gr. laganna. Hugtakið viðskiptahættir sé skilgreint með víðtækum hætti samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna og nái þannig til markaðssetningar eða annarra athafna, athafnaleysis eða háttsemi sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru eða þjónustu.

Það sé álit Neytendastofu að þó í sérlögum sé að finna ákvæði um eftirlit sérstakra stjórnvalda með tiltekinni atvinnugrein eða ákveðnum þáttum þeirra atvinnugreina þá falli eftirlit með viðskiptaháttum gagnvart neytendum ávallt undir eftirlitssvið Neytendastofu samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005.

Í bréfi félagsins sé farið ítarlega yfir þau lög og reglur sem gildi um starfsemi félagsins og þær vottanir sem starfsemi félagsins hafi hlotið. Að svo stöddu telji Neytendastofa ekki tilefni til að svara sérstaklega þeirri umfjöllun en rétt sé að taka fram að almennt sé það álit stofnunarinnar að þrátt fyrir að ákveðin atvinnugrein eða atvinnustarfsemi starfi eftir sérlögum, og eftir atvikum á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem veitt séu lögum samkvæmt, og óháð því hvort félög uppfylli allar þær kröfur sem gerðar séu á grundvelli þeirra, geri það ekki starfsemi sjálfkrafa *sjálfbæra* eða *umhverfisvæna* í skilningi þeirra hugtaka enda sé nauðsynlegt að leggja til grundvallar og leggja mat á fjölmarga aðra þætti í starfsemi fyrirtækja til að meta hvort ákveðin starfsemi geti talist *sjálfbær* eða *umhverfisvæn*.

Í bréfi Arnarlax sé réttilega vísað til að hugtakið *sjálfbærni* hafi enn ekki verið skilgreint í lögum og hafi vísun til hugtaksins, út frá starfsemi fyrirtækja, almennt séð verið vegna samfélagslegra-, efnahagslegra- og umhverfisverndarsjónarmiða. Að mati Neytendastofu verði hins vegar að líta til framsetningar og samhengis fullyrðinga og sé það iðulega háð mati og þá eftir atvikum út frá því hvaða skilning eða merkingu hinn almenni neytandi myndi leggja í fullyrðingarnar. Er lúti að fullyrðingum sem nýttar séu í kynningarefni Arnarlax megi



m.a. benda á að á umbúðum utan um lax, sem samkvæmt merkingum er frá Arnarlaxi, komi fram að laxinn sé „100% naturally raised“ og „eco sustainable“. Telji Neytendastofa þar af leiðandi koma til álita hvort hinn almenni neytandi tengi hugtakið *sustainable* í kynningarefni félagsins við umhverfisverndarsjónarmið frekar en samfélagsleg eða efnahagsleg enda sé *eco* bein vísun til umhverfisverndarsjónarmiða.

Með vísan til alls ofangreinds og að teknu tilliti til annarra skýringa og athugasemda sem fram komi í svarbréfi félagsins sé það álit Neytendastofu að neðangreindar fullyrðingar sem fram koma á vefsíðu félagsins þarfnist nánari skýringa og sannanna:

„Sustainability it's in our nature.“

„Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's terms.“

Að teknu tilliti til orðalags og framsetningar ofangreindra fullyrðinga, en sú fyrri birtist m.a. á skjámyndum af íslenskum fossum, fiskverkakonu haldandi á laxi og í myndbandi af skipi siglandi út fjörð, telji Neytendastofa að fullyrðingarnar gætu talist villandi eða óréttmætar gagnvart neytendum.

Auk framangreindra fullyrðinga óski Neytendastofa eftir sönnun fyrir og afstöðu félagsins til neðangreindrar fullyrðingar sem bæði sé að finna í vörumerki félagsins sem og í öðru auglýsinga- og kynningarefni, m.a. blaðaauglýsingum:

„Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon“

Fullyrðingin sé að mati Neytendastofu almenn og óljós og kunni að mati stofnunarinnar að vera villandi eða óréttmæt gagnvart neytendum. Að mati Neytendastofu verði að gera þær kröfur til fullyrðinga að þær séu gagnsæjar og settar fram á skýran og nákvæman hátt og séu ekki til þess fallnar að villa um fyrir neytendum, sbr. m.a. ákvæði b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þá telji stofnunin jafnframt að framsetning umhverfisfullyrðinga og samhengi geti skipt máli við mat á hvort fullyrðingarnar teljist villandi eða óréttmætar. Enn fremur sé það álit stofnunarinnar að við mat á því hvort fullyrðingar teljist óréttmætar eða villandi geti skipt máli hversu aðgengilegar viðbótarupplýsingar sem styðja þær fullyrðingar séu neytendum.

Með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa fram á að Arnarlax sanni ofangreindar fullyrðingar. Þá sé ítrekuð spurning um hvort félagið hafi gert úttekt á áhrifum framleiðslu og vara félagsins á umhverfið með hliðsjón af reglum nr. 559/1994, um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd, en líkt og komi fram í fyrra bréfi stofnunarinnar sé kveðið á um í 6. gr. umræddra reglna að ef orðið „*umhverfisvænt*“ er notað, eða önnur sambærileg, verði að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan



hefur frá upphafi til enda. Hér sé átt við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún er lögð til hliðar.

4.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 31. mars 2023. Í bréfinu er tekið fram að athygli veki að í fyrra erindi Neytendastofu sé vísað til fleiri atriða en tilgreind séu í bréfi stofnunarinnar frá 9. mars sl. Að því virtu líti Arnarlax svo á að Neytendastofa hafi lokið athugun sinni á öðru en því sem tilgreint sé sérstaklega í síðarnefnda bréfinu. Þannig verði ekki annað ráðið af viðbrögðum Neytendastofu en að stofnunin hafi tekið skýringar sem tilgreindar eru í bréf Arnarlax frá 29. mars 2022 gildar.

Bréfinu er skipt í fimm efniskafla.

1. Tilvísanir á umbúðum

Í bréfi Neytendastofu frá 9. mars sl. sé vísað til umbúða utan af reyktum laxi sem sé sagður koma úr sjókvíaeldi Arnarlax, en á þeim segir „100% naturally raised“ og „eco sustainable“. Rétt sé að taka fram að umrædd söluvara og umbúðirnar séu ekki á ábyrgð Arnarlax heldur Reykhússins Reykhóla ehf. Arnarlax beri heldur enga ábyrgð á Reykhúsinu Reykhólum ehf. eða starfsemi þess þó svo síðarnefnda félagið hafi keypt lax sem komi úr sjókvíum Arnarlax. Þá verði að hafa í huga að Reykhúsið Reykhólar ehf. vinni laxinn áfram og selji undir nafninu Reykhólar. Eins og gefi að skilja geti Arnarlax ekki borið ábyrgð á eða þurft að svara fyrir fullyrðingar sem fram komi á vörum annars félags. Hér skuli einnig tekið fram að Arnarlax noti ekki umræddar fullyrðingar við markaðssetningu á sínum vörum. Þess megi jafnframt geta að umræddar pakkningar frá Reykhúsinu Reykhólum vísi einnig til vörumerkisins *Arctic Salmon*, sem hafi verið notað um eldislax frá félaginu Fjarðalaxi ehf. Vörumerkið hafi verið aflagt eftir að Fjarðalax sameinaðist Arnarlaxi árið 2016.

Í kjölfar erindis Neytendastofu hafi fulltrúar Arnarlax haft samband við Reykhúsið Reykhóla ehf. og krafist þess að framangreindar umhverfisfullyrðingar yrðu tafarlaust fjarlægðar af öllum pakkningum enda hefði Reykhúsið engar heimildir til slíkrar notkunar. Reykhúsið Reykhólar ehf. hafi staðfest við Arnarlax að pakkningum yrði breytt í samræmi við þessar kröfur.

2. Umhverfisfullyrðingar Arnarlax

Í bréfi Neytendastofu frá 9. mars sl. óski stofnunin eftir nánari skýringum og sönnunum á setningunum „Sustainability it's in our nature“ og „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's terms“ sem finna megi á vefsíðu Arnarlax. Í bréfi Neytendastofu segi að þessar fullyrðingar gætu, að teknu tilliti til orðalags og framsetningar, talist villandi eða óréttmætar gagnvart neytendum. Ekki verði séð að Neytendastofa rökstyðji þessa afstöðu sína en stofnunin láti duga að lýsa með almennum hætti þeim skjámyndum sem birtist með textanum á vefsíðu fyrirtækisins.



Hvað þetta varði ítreki Arnarlax þau sjónarmið sem fram komi í fyrra bréfi félagsins frá 29. mars 2022 ásamt fylgigögnum. Þar sé m.a. fjallað um nákvæmlega þessar sömu fullyrðingar og því mótmælt að þær geti talist villandi eða óréttmætar gagnvart neytendum og það rökstutt ítarlega. Óþarfi sé að endurtaka þau málsrök hér. Hins vegar vilji Arnarlax koma eftirfarandi atriðum á framfæri við Neytendastofu til viðbótar og fyllingar við það sem áður hafi komið fram:

Hvað varði slagorðið „*Sustainability it's in our nature*“ þá vísi það til þess að Arnarlax vinni markvisst og stöðugt að því markmiði að gera starfsemina eins sjálfbæra og kostur sé. Þannig leitist félagið eftir megni við að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi félagsins og séu hér á eftir nefnd dæmi um verkefni sem félagið hafi unnið að í því skyni á því ári sem liðið sé frá því að fyrra bréfi Neytendastofu hafi verið svarað. Þá sé lögð áhersla á að taka þátt í uppbyggingu nærsamfélags þess sem félagið starfi í, t.d. með virkum stuðningi við nærsamfélagið með ýmsum hætti og ýmis samfélagsleg málefni. Þessu til stuðnings megi benda á meðfylgjandi skýrslu PWC sem sýni svonefnt samfélagsspor Arnarlax fyrir árið 2022, þar sem sjá megi helstu framlög fyrirtækisins til samfélagsins. Í skýrslu PWC megi einnig glöggt sjá hvernig áhrif félagsins hafi aukist ár frá ári frá árinu 2018, t.d. með því að fjölga beinum og afleiddum störfum á landsbyggðinni. Vísað sé til samantektar á bls. 6 en á næstu blaðsíðum megi jafnframt sjá glögglega samantekt á áhrifum félagsins. Að mati Arnarlax beri þær skjámyndir sem vísað sé til í bréfi Neytendastofu einmitt vott um þessa breiðu skírskotun sem liggja í hugtakinu sjálfbærni (*e. sustainability*).

Hvað varði orðin „*Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's terms*“ þá vísi þau til ríkrar áherslu Arnarlax á að tryggja heilsu- og velferð eldisfisksins eins vel og unnt sé. Unnið sé markvisst að verkefnum þar sem leitast sé við að tryggja hana enda sé heilsa og velferð fisksins jafnframt grundvöllur farsællar starfsemi sjókvíaeldis. Ákvarðanatataka hjá félaginu sem tengist heilsu og velferð fisksins geti þannig verið til þess fallin að hafa áhrif á alla þætti sjálfbærni hjá félaginu, umhverfislega, samfélagslega og fjárhagslega, sjá dæmi síðar í bréfinu.

Hvað varði báðar fullyrðingarnar ítreki Arnarlax þá staðreynd að allar staðsetningar sjókvíaeldis Arnarlax nema ein hafi hlotið umhverfsvottun ASC (Aquaculture Stewardship Council), sem sé ein strangasta umhverfsvottun heims er lúti að fiskeldi og sé þekkt og eftirsótt á mörkuðum um allan heim. Vert sé að geta þess að ASC hafi verið stofnað af World Wildlife Fund (WWF) og IDH – The Sustainable Trade Initiative, sem séu meðal virtustu samtaka heims á sviði náttúrverndar og sjálfbærni. Til að fá slíka vottun þurfi fyrirtæki m.a. að lágmarka umhverfisáhrif og starfa í sátt við samfélagið. Fyrirtæki sem standist ASC vottun skuldbindi sig til að lágmarka áhrif á umhverfi á ýmsa vegu, taki tillit til villtra laxastofna, fugla, sjávarspendýra og annarra lífvera sem búi í námunda við eldissvæðin svo eitthvað sé nefnt. Það eitt að Arnarlax hafi öðlast og viðhaldið ASC vottun sé sönnun þess hve ríkan sess sjálfbærni skipi í allri starfsemi Arnarlax, sem endurspeglar m.a. í áður nefndum fullyrðingum.



Hvað varði verkefni sem Arnarlax hafi ráðist í á síðastliðnu ári, þ.e. frá því fyrra svarbréf félagsins til Neytendastofu var sent, megi nefna eftirfarandi dæmi:

- Öllum fóðurrörum í sjókvíum var skipt út fyrir harðara plast, til að minnka verulega losun á plastögnum (örplasti) út í umhverfið. Þá er í undirbúningi samstarfsverkefni með Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) um greiningu á örplasti í kvíastæðum. Markmið verkefnisins er að meta magn plasts í sjó þar sem sjókvíaeldi hefur verið staðsett. Því er ætlað að auka skilning á áhrifum fiskeldis í sjó á vistkerfi íslenskra fjarða, auka kunnáttu og þekkingu í bæjarfélögum þar sem fiskeldi hefur hvað mest áhrif og auka rannsóknir í tengslum við fiskeldi. Sótt hefur verið um styrk fyrir verkefninu.
- Unnið er markvisst að orkuskiptum í þjónustu- og vinnubátum og í prömmum. Í þeim efnum fékk Arnarlax t.a.m. styrk úr Orkusjóði vegna landtengingar fóðurpramma og hybrid fóðurpramma árið 2022. Einnig hefur verið keyptur nýr þjónustubátur sem er hybrid.
- Eldisfiskur er nú fluttur í auknum mæli með skipum til Bandaríkjanna en ekki flugvélum. Við þetta hefur losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar lækkað um 30% síðustu tvö árin.
- Arnarlax mælir árlega útblástur gróðurhúsalofttegunda og verða niðurstöður ársins 2022 aðgengilegar í sjálfbærnisýrslu félagsins. Mælingarnar eru liður í framkvæmd loftslagsstefnu félagsins og byggja á alþjóðlega viðurkenndum staðli (Greenhouse Gas Protocol Initiative).
- Arnarlax kaupir nú allt fóður sem hefur hlotið vottun frá Marine Trust, var 98% af fóðri árið 2021 en er 100% árið 2022.
- Í desember 2022 hlaut sláturhús Arnarlax einkunnina A frá vottunaraðilanum BRC fyrir vinnsluna á Bíldudal og hækkaði sig um flokk frá árinu áður. Í því felst frekari staðfesting á því að ferlar í vinnslu standist gæða- og matvælaöryggiskröfur á alþjóðlegum vettvangi.
- Botnsýnatökur sem hafa verið framkvæmdar hafa sýnt að sjávarbotninn jafnar sig í öllum tilfellum. Vísað er til slíkrar sýnatöku sem MOM-B sýnatöku en hún er framkvæmd af þriðja aðila og felur í sér að sýni eru tekin af botninum undir kvíastæðunum, bæði við hámarkslífmassa og eftir hvíld. Greiningunni er skipt í þrennt (skoðun á dýraríki, efnagreiningar og sjónrænt mat). Öllum breytum er gefin einkunn eftir því hversu mikið setið hefur áhrif á lífríkið og náttúrulegt ástand botnsins. Á grundvelli þessara rannsókna fær staðsetningin einkunn sem gefur vísbendingu um hvernig staðan er á sjávarbotninum.
- Tekist hefur að auka afkastagetu sláturhúss félagsins sem bætir möguleika þess til að vinna fiskinn hratt og örugglega ef eitthvað kemur upp. Má nefna að í haust voru vetrarsár farin að gera vart við sig og var því meiri fisk slátrað í desember og fram til dagsins í dag til að tryggja dýravelferð. Það hefur í för með sér að félagið verður ekki með fisk til slátrunar næstu þrjá mánuði.
- Von er á myndavél (Stingray) á næsta ári, sem notar gervigreind til að greina lús og skýtur hana með geisla í þeim tilgangi að leitast við að lágmarka lús á fiski.



- Arnarlax hefur verið í samskiptum við Bændasamtökin ásamt öðrum fyrirtækjum að leitast við að nýta laxamykju frá landeldisstöðvum.
- Verið er að skoða möguleikann á að minnka koparhúðun á eldisnótum. Settar voru nætur út á síðasta ári sem voru með koparþráð vafinn inn í nótina, en ekki húðað á, sem lágmarkar að kopar falli til botns.

Þá megi einnig geta þess að Arnarlax hafi lokið jafnlaunavottun.

3. Vörumerkið Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon

Neytendastofa hafi einnig óskað eftir sönnun fyrir og afstöðu Arnarlax til orðalagsins „*Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon*“ sem sé bæði að finna í skráðu vörumerki félagsins og í öðru auglýsinga- og kynningarefni. Í bréfi Neytendastofu frá 9. mars sl. sé farið fram á að Arnarlax sanni umræddar fullyrðingar og sé í þeim efnum vísað til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, þar sem segi að fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti.

Hvað þetta varði vísi Arnarlax í fyrsta lagi til þeirra sjónarmiða sem áður hafi komið fram, þ.m.t. í bréfinu frá 29. mars 2022 og fylgiskjölum. Þá séu framangreindar vottanir til vitnis um það hversu ríkan sess sjálfbærni skipi í starfsemi fyrirtækisins, sem birtist m.a. í aðbúnaði eldisfisksins og áhrifum Arnarlax á umhverfi og samfélag.

Hvað varði þetta tiltekna vörumerki sem Neytendastofa vísi til verði í öðru lagi að horfa til þess að um vörumerki gildi sérstök lög nr. 45/1997. Samkvæmt þeim sé Hugverkastofan það stjórnvald sem sjái um framkvæmd laga og alþjóðasamninga er varði hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þar á meðal vörumerkja, sbr. auglýsingu nr. 187/1991 og reglugerð nr. 188/1991. Hugverkastofan annist því skráningu vörumerkja og haldi vörumerkjaskrá, sbr. 1. mgr. 12. gr. vörumerkjalaga.

Í 13. og 14. gr. laga nr. 45/1997 sé að finna nánar tiltekin skilyrði fyrir skráningu vörumerkja og sé þar um að ræða tæmandi talningu. Eitt af skilyrðunum sé að ekki megi skrá vörumerki í vörumerkjaskrá ef það sé til þess fallið að villa um fyrir mönnum, t.d. um eðli, ástand eða landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu hlutverki Hugverkastofunnar sé ljóst að það sé á valdi þeirrar stofnunar að leggja mat á og ákvarða hvort umsókn um skráningu vörumerkis uppfylli þau skilyrði sem 13. og 14. gr. laganna setji fram. Ef Hugverkastofan telji að umsóknin uppfylli skilyrðin sé umrætt merki tekið til skráningar í vörumerkjaskrá til samræmis við ákvæði laganna.

Í tilviki umrædds vörumerkis, *Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon*, sem hafi hlotið númerið V0121652, hafi Hugverkastofan komist að þeirri niðurstöðu að það uppfyllti skilyrði 13. og 14. gr. laga nr. 45/1997 í kjölfar skoðunar stofnunarinnar á umsókninni og hafi merkið því verið samþykkt til birtingar í vörumerkjaskrá 15. september 2021 og loks skráð þann 15. nóvember 2021 í kjölfar tveggja mánaða andmælafrests, þar sem engin andmæli hafi borist.



Hér megi einnig sérstaklega benda á að hvergi í vörumerkjalögum komi fram að ekki megi skrá vörumerki í vörumerkjaskrá sem innihaldi nánar tiltekin orð, eins og til dæmis orðið *sustainable*.

Að mati félagsins hafi Neytendastofa ekki heimildir til að krefjast þess að það færi fram sérstaka sönnun fyrir eða afstöðu til þeirra orða sem fram komi í orðhluta ofangreinds vörumerkis. Óumdeilt sé að það stjórnvald sem fari með framkvæmd og eftirlit með lögum um vörumerki hér á landi, Hugverkastofan, hafi lagt mat á vörumerkið og talið það uppfylla öll skilyrði vörumerkjalaga fyrir skráningu í vörumerkjaskrá. Með þetta í huga hafni Arnarlax því að Neytendastofa hafi heimildir til að endurmeta ákvörðun Hugverkastofunnar í þessum efnun. Þá megi jafnframt vísa til þess að samkvæmt 28. gr. laga nr. 45/1997 séu það eingöngu Hugverkastofan eða dómstólar sem hafi heimild til að ógilda skráningu vörumerkja, hafi þau verið skráð andstætt ákvæðum laganna. Jafnframt sé vísað til 1. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 45/1997 þar sem fram komi að atbeina dómstóla þurfi til að banna notkun á skráðu vörumerki á þeim forsendum að vörumerkið eða notkun þess teljist villandi. Þá segi í 3. mgr. 40. gr., um málshöfðun, að aðeins Hugverkastofan og þeir aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, geti höfðað mál fyrir dómstólum til að banna notkun vörumerkis af þessum ástæðum. Neytendastofa falli augljóslega ekki þar undir.

Hvað sem framangreindu líði sé það afstaða félagsins að þau orð sem fram komi í vörumerkinu, *Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon*, standist allar þær kröfur sem gildi um vörumerki hér á landi. Þá verði ekki betur séð en að alls 15 vörumerki, sem innihaldi orðið *sustainable*, séu skráð hér á landi eða séu í umsóknarferli.

4. Úttekt á áhrifum framleiðslu og vara Arnarlax

Að auki óski Neytendastofa eftir því að Arnarlax svari hvort félagið hafi gert úttekt á áhrifum framleiðslu og vara félagsins á umhverfið með hliðsjón af reglum nr. 559/1994, um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd. Hvað þetta varði árétti Arnarlax eftirfarandi sjónarmið:

Í fyrsta lagi séu hinar leiðbeinandi reglur frá 1994, sem Neytendastofa vísi til, valkvæðar og óskuldbindandi. Þar að auki séu þær afar ónákvæmar og almennar og því megi deila um hversu viðeigandi þær séu fyrir Arnarlax. Nú á dögum séu til mun betri mælikvarðar á starfsemi og áhrif fyrirtækja á umhverfið.

Í öðru lagi séu þau dæmi sem Neytendastofa nefni varðandi tilvísanir til „umhverfisverndar“ eða „eco“ komnar frá öðru fyrirtæki, eins og útskýrt sé hér framar. Arnarlax notist fyrst of fremst við hugtakið sjálfbærni í markaðssetningu, sem hafi miklu breiðari skírskotun. Hugtökin umhverfisvænt eldi og sambærileg hugtök séu aðallega notuð í samhengi við gögn og skýrslur sem snerti mat á umhverfisáhrifum fyrirtækisins, sem séu ekki markaðsefni heldur verði að skoða í samhengi við þá umfjöllun þar sem hugtökin birtist.



Í þriðja lagi telji Arnarlax sig engu að síður uppfylla allar þær kröfur sem leiða af 6. gr. áðurnefndra reglna nr. 559/1994 og gott betur en það. Birtist það fyrst og fremst í þeim vottunum sem fyrirtækið hafi aflað og viðhaldið en þar að baki búi nákvæmar úttektir á áhrifum vara og framleiðslu fyrirtækisins, ekki bara á umhverfi og náttúru, heldur einnig á samfélagið.

Arnarlax vænti þess að framangreind sjónarmið og skýringar veiti svör við þeim spurningum sem fram komi í bréfi Neytendastofu frá 9. mars sl. Telji stofnunin þörf á frekari skýringum eða gögnum verði fúslega brugðist við því. Jafnframt sé ítrekað boð um fund með Neytendastofu til að ræða nánar þau sjónarmið sem Arnarlax hafi fram að færa.

Með bréfi Arnarlax fylgdi skýrsla PWC um samfélagsspor Arnarlax fyrir árið 2022 og staðfesting á BRC vottun A.

5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. júní 2023, til Arnarlax var vísað til fyrri samskipta í málinu og tekið fram að með hliðsjón af því sem fram komi í bréfi Arnarlax, dags. 31. mars 2023, sé rétt að vekja athygli á því að Neytendastofa hafi ekki lagt endanlegt mat eða tekið afstöðu til innsendra gagna enda málið enn í rannsókn. Stofnunin hafi því, á þessum tímavarki, hvorki lokið athugun á einstökum fullyrðingum sem fram komi í fyrri bréfum stofnunarinnar né lagt endanlegt mat á skýringar Arnarlax.

Þá sé einnig rétt að taka fram að samkvæmt lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, fari Neytendastofa með eftirlit með ákvæðum laganna, þ.m.t. ákvæðum er taka til fullyrðinga fyrirtækja sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Líkt og fram komi í fyrrgreindu ákvæði þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á fullyrðingar sínar og það sama hvar fullyrðingarnar koma fram. Þrátt fyrir að vörumerki fyrirtækja hljóti skráningu hjá Hugverkastofunni geti falist í vörumerkjum villandi fullyrðingar á grundvelli ákvæða laga nr. 57/2005 enda sæta slíkar fullyrðingar eftirliti Neytendastofu sbr. framangreint. Það sé því ljóst að fullyrðingar sem fram koma í skráðum vörumerkjum fyrirtækja séu ekki undanskyldar ákvæðum laga nr. 57/2005.

Óski félagið eftir að koma að frekari gögnum eða skýringum vegna málsins þurfi þær að berast innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins. Að öðru leyti líti stofnunin svo á að gagnaöflun málsins sé lokið og verði málið tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Engar frekari athugasemdir eða gögn bárust Neytendastofu. Með bréfi, dags. 12. september 2023, tilkynnti stofnunin Arnarlaxi að vegna sumarleyfa og fjölda fyrirbyggjandi mála væru fyrir séðar tafir á afgreiðslu málsins en vonast væri til að erindið verði afgreitt innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum Arnarlax ehf. um sjálfbærni, umhverfisvæna framleiðslu o.fl. sem fram koma á vefsíðu félagsins, í „Sustainability report 2020“, sem er aðgengileg á vefsíðu félagsins, og öðru auglýsinga- og kynningarefni þess. Þær fullyrðingar sem Neytendastofa krafðist sannana fyrir og frekari skýringa á eru eftirfarandi:

„Sustainability it's in our nature.“

„Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's terms.“

„Arnarlax ensures the quality of its salmon by striving to support fish health and reduce environmental impact with innovative aquaculture.“

„It is important to us that our fish feed have the correct balance of nutritional content, consistency and taste, as well as being gentle on the environment.“

„For example, in the winter we use a special blend of feed and require our feed suppliers to ensure that the ingredients they use are sustainability certified.“

„All Arnarlax farming activity has been through an environmental assessment process.“

Auk framangreindra fullyrðinga óskaði Neytendastofa eftir sönnun fyrir og afstöðu félagsins til neðangreindrar fullyrðingar sem bæði er að finna í vörumerki félagsins sem og í öðru auglýsinga- og kynningarefni, m.a. blaðaauglýsingum:

„Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon“

Þá er sambærileg fullyrðing um *sjálfbæra* framleiðslu félagsins að finna í öðru skráðu vörumerki félagsins - *“Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax”* sem að mati Neytendastofu fellur einnig undir efnisatriði málsins.

Að mati Neytendastofu kemur til álita að framangreindar fullyrðingar séu almennar og óljósar og kunna því að vera villandi og óréttmætar gagnvart neytendum. Í bréfum Neytendastofu hefur komið fram að stofnunin telur ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., auk 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, eiga við um málið.

Í svörum félagsins hefur komið fram að félagið starfi á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa frá Umhverfis- og Matvælastofnun sem veitt séu samkvæmt lögum. Þá var vísað til þess að



starfsemi félagsins sé vottuð alþjóðlegu vottunarkerfi, ASC, sem taki bæði til umhverfis- og samfélagslegra þátta. Enn fremur telur félagið að gera verði kröfu til ríkisstofnunar á borð við Neytendastofu að stofnunin láti þeim stofnunum sem sjá um framkvæmd þeirra laga sem vísað hafi verið til undir rekstri málsins eftir að gæta þess að þau lagaskilyrði sem lúta að starfs- og rekstrarleyfi félagsins séu uppfyllt eða að sérstaklega þurfi að færa sönnur fyrir þeim. Þá hefur félagið mótmælt því að gerð sé krafa um að fyrirtæki þurfi að sanna fullyrðingu sem sé byggð á lögum.

Þá heldur félagið því fram að fullyrðingar þess byggist á gögnum og faglegum niðurstöðum óháðra aðila, leyfisveitenda og eftirlitsstjórnvalda. Hafa verði í huga að leyfisveitingar félagsins grundvallist meðal annars á lögum um mat á umhverfisáhrifum og því liggi umtalsverðar rannsóknir að baki starfs- og rekstrarleyfum, sem til dæmis birtist í matsskýrslu og álitum Skipulagsstofnunar eða ákvörðunum stofnunarinnar um matsskyldu. Umhverfismatsferli og leyfisveitingar fari í gegnum ítarlegt stjórnsýsluferli, þar sem hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi stjórnvöldum gefist færi á að gera athugasemdir og eftir atvikum kæra niðurstöður. Ekki verði séð að Neytendastofa hafi tilefni né hlutverk við að endurmeta afstöðu annarra stjórnvalda í þessum efnum og vísist þar til hlutverks stofnunarinnar samkvæmt lögum. Einnig vísist til stjórnskipulegu aðgreiningarreglunnar en samkvæmt henni sé stjórnvaldi óheimilt að leggja sjónarmið til grundvallar ákvörðunum sínum til að ná fram markmiði sem öðru stjórnvaldi beri að vinna að lögum samkvæmt.

Enn fremur er það mat félagsins að Neytendastofa hafi ekki heimildir til að krefjast þess að það færi fram sérstaka sönnun fyrir eða afstöðu til þeirra orða sem fram komi í orðhluta vörumerkja félagsins. Óumdeilt sé að það stjórnvald sem fari með framkvæmd og eftirlit með lögum um vörumerki hér á landi, Hugverkastofan, hafi lagt mat á vörumerkið og talið það uppfylla öll skilyrði vörumerkjalaga fyrir skráningu í vörumerkjaskrá.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega



fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,

[...]

f. réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi, [...]"

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Enn fremur er í 13. gr. laganna kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Undir rekstri málsins hefur Neytendastofa vísað til leiðbeinandi reglna um auglýsingar og umhverfisvernd nr. 559/1994. Í 6. gr. umræddra reglna kemur fram að ef orðið umhverfisvænt er notað, eða önnur sambærileg, verði að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hefur frá upphafi til enda. Hér er átt við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún er lögð til hliðar.



3.

Þær fullyrðingar sem eru undir í máli þessu snúa að notkun ensku orðanna *sustainable* og *sustainability* í markaðs- og kynningarefni félagsins. Undir rekstri málsins og að teknu tilliti til innsendra gagna og skýringa Arnarlax afráð Neytendastofa að afmarka málið við eftirfarandi fullyrðingar:

“Sustainability – it’s in our nature”

“Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms”

“Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon”

“Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax”

Samkvæmt ensk-íslenskri orðabók er íslensk þýðing orðanna *sustainable* og *sustainability* annars vegar *sjálfbær* (sem stendur undir sér) og hins vegar *sjálfbærni*. Framangreind hugtök hafa ekki verið skilgreind í íslenskum lögum eða reglum en samkvæmt Íslenskri orðabók er skilgreining á *sjálfbær* eftirfarandi:

„sem er sjálfum sér nægur, sem ekki skaðar aðra“

Þá er skilgreiningin á *sjálfbærri þróun*:

„auðlindanýting sem fullnægir samtímaþörfum án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til að nýta auðlindirnar“

Sjálfbærni er skilgreint með eftirfarandi hætti:

„það að uppfylla skilyrði sjálfbærrar þróunar“ og

„(um starfsemi, rekstur) það að standa undir sér, þurfa ekki (fjárhagslegan) stuðning“

Af umfangsmiklum og ítarlegum gögnum málsins verður ráðið að Arnarlax hefur gert og gerir marga til þess að reyna takmarka þau umhverfisáhrif sem starfsemi félagsins veldur og er það vel. Þá hefur félagið fengið ASC-vottun á stærstan hluta starfsemi sinnar en ASC stendur fyrir *Aquaculture Stewardship Council* sem eru svokölluð *non-governmental organization (NGO)* eða frjáls félagasamtök og eru óháð yfirvöldum og ekki opinber. Samkvæmt gögnum málsins og öðrum upplýsingum Neytendastofu er ASC-vottun umhverfisvottun sem veitt er fiskeldisfyrirtækjum og öðrum er stunda lagareldi. Til að fá ASC-vottun þurfa fyrirtæki að uppfylla kröfur sem snúa að umhverfi, vinnulöggjöf og samfélagi og sýna fram á að þau leggi sig fram um að lágmarka umhverfisáhrif af sinni starfsemi og að þau starfi í sátt við samfélagið.



Arnarlax starfar einnig á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem veitt eru af Umhverfisstofnun og Matvælastofnun en skv. 1. mgr. 4. gr. b. laga um fiskeldi nr. 71/2008 þarf framangreind leyfi til að heimilt sé að starfrækja fiskeldisstöð. Það er álit Neytendastofu að þrátt fyrir að ákveðin atvinnugrein eða atvinnustarfsemi starfi eftir sérlögum og eftir atvikum á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem veitt eru lögum samkvæmt og óháð því hvort félög uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru á grundvelli þeirra, gerir það ekki starfsemi sjálfkrafa *sjálfbæra* eða *umhverfisvæna* í skilningi þeirra hugtaka enda er nauðsynlegt að leggja til grundvallar og leggja mat á fjölmarga aðra þætti í starfsemi fyrirtækja til að meta hvort ákveðin starfsemi geti talist *sjálfbær*. Þá kemur jafnan til álita hvernig upplýsingar eru settar fram í markaðssetningu, hvaða viðbótarupplýsingar, sem kunna að styðja við fullyrðingar, eru veittar og hvar þær er að finna og hvaða skilning hinn almenni neytandi leggur í markaðssetningu..

Rannsóknir gefa til kynna að fiskeldi í sjókvíum hafi ýmis umhverfisáhrif á nærumhverfi fiskeldisstöðva. Samkvæmt upplýsingum um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva, sem útgefið er af Umhverfisstofnun, lúta mengunaráhrif fiskeldis einkum að streymi næringarefna í vatn eða sjó sem getur valdið umtalsverðum skaða, slysasleppingum eldisfiska og áhrifum á aðrar lífverur í kringum eldi. Líkt og áður hefur komið fram gefur Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir fiskeldi yfir vissri stærð og snúa þau starfsleyfi m.a. að mengun frá starfseminni en skv. 6. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er mengun skilgreind þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis auk ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta. Á vefsíðu Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin gefi út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 en undir þar fellur m.a. starfsleyfi fyrir eldi sjávar- og ferskvatnslífvera. Þá er þess að geta að skv. viðauka 1 við lög nr. 11/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, eru framkvæmdir vegna sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi er 3.000 tonn eða meiri ávallt háðar umhverfismati og eru þær því flokkaðar sem framkvæmdir sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. c. lið 1. mgr. 2. gr. sömu laga.

Í álitum Skipulagsstofnunar um matsáætlanir er taka til sjókvíaeldis kemur einnig fram að fiskeldi í sjókvíum hafi áhrif á ástand sjávar, botnlag, botndýralíf og villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og sníkjudýra sem leggjast á villta laxfiska og erfðablöndun. Þá hefur aflúsunarlyf sem notast er við m.a. áhrif á rækjustofna og önnur krabbadýr og kunna að safnast fyrir í umhverfinu. Enn fremur kann fiskeldi í sjó að hafa áhrif á fuglalíf við fiskeldissvæði. Þrátt fyrir framangreinda upptalningu á áhrifum eldis í sjókvíum er hægt að grípa til vissra mótvægisáðgerða sem eru mikilvægur þáttur í starfsemi fiskeldis í sjókvíum og bera gögn málsins með sér að Arnarlax hafi gripið til ýmissa áðgerða til að vega upp á móti þeim umhverfisáhrifum sem hljóttast af starfsemi félagsins.



Að öllu framangreindu virtu er því ljóst að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á nærumhverfi eldisins og þrátt fyrir að Arnarlax bæði uppfylli öll skilyrði starfs- og rekstrarleyfa sinna og hafi hlotið ASC vottun fyrir stærstan hluta starfsemi sinnar kemur að mati Neytendastofu til álita hvort sýnt hafi verið fram á með gögnum að starfsemi félagsins geti talist *sjálfbær* eða *umhverfisvæn* í þeim skilningi sem hinn almenni neytandi leggur í þau hugtök enda framsetning þeirra staðhæfinga sem fram kemur í auglýsinga- og kynningarefni félagsins bæði almenn og óljós.

Með notkun hugtakanna *sjálfbær* og *sjálfbærni* í markaðs- og kynningarefni Arnarlax felst að mati Neytendastofu skírskotun til þess að starfsemi félagsins sé *umhverfisvæn* eða í það minnsta hafi ekki nein neikvæð áhrif á umhverfið. Neytendastofa telur að þegar fyrirtæki nota að eigin frumkvæði fullyrðingar með skírskotun til jákvæðra eða hlutlausra umhverfisáhrifa við markaðssetningu á vöru og þjónustu þá verði slíkar fullyrðingar að vera settar fram á skýran, nákvæman og ótvíræðan hátt. Jafnframt verða slíkar fullyrðingar að vera studdar fullnægjandi gögnum. Almennt má gera þá kröfu að því almennari sem slíkar fullyrðingar eru þeim mun ríkari kröfur verði að gera til þess að færðar séu fullnægjandi sönnur á fullyrðingarnar og að framsetning þeirra sé ekki villandi. Neytendastofa telur jafnframt að þegar slíkar fullyrðingar eru notaðar og þær styðjast við tiltekin viðmið þá verði að gæta þess að fullyrðingarnar séu eingöngu notaðar í tengslum við þá vöru eða þjónustu sem uppfyllir viðmiðin.

Undir rekstri málsins hefur því verið haldið fram af hálfu félagsins að taka verði tillit til þess að hugtakið *sjálfbærni* feli ekki aðeins í sér umhverfisverndarsjónarmið heldur nái hugtakið einnig til samfélagslegra og efnahagslegra þátta í starfsemi fyrirtækja og að félagið leitist við að leggja þessa þætti til grundvallar í starfsemi sinni og leggi áherslu á gagnsæja upplýsingagjöf til hagaðila sinna um sjálfbærni í starfsemi sinni. Neytendastofa tekur undir framangreinda afstöðu félagsins en að mati stofnunarinnar verður hins vegar að líta til framsetningar og samhengis fullyrðinga og er það iðulega háð mati og þá eftir atvikum út frá því hvaða skilning eða merkingu hinn almenni neytandi myndi leggja í fullyrðingarnar.

Það er álit Neytendastofu að fullyrðingarnar “*Sustainability – it’s in our nature*” og “*Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms*” séu almennar og óljóst hvað í þeim felist. Hinn almenni neytandi kunni þannig að leggja mismunandi merkingu í það hvað búi að baki fullyrðingunum. Er lýtur að fyrri fullyrðingunni má að mati Neytendastofu búast við því að hinn almenni neytandi tengi fullyrðinguna almennt við hlutlaus eða að minnsta kosti ekki neikvæð umhverfisáhrif og þá sérstaklega þar sem að vísað sé með beinum hætti til náttúrunnar, annað hvort með mynd eða texta. Þá er framsetning fullyrðingarinnar með þeim hætti að hún birtist m.a. á skjámyndum af íslenskum fossum, fiskverkakonu haldandi á laxi og í myndbandi af skipi siglandi út fjörð, sem telja verður að sé í beinum tengslum við umhverfi og náttúru. Er lýtur að seinni fullyrðingunni að þá birtist hún bæði á vefsíðu og í sjálfbærnisráslu félagsins. Samhliða fullyrðingunni er texti sem að mati félagsins á að gefa nánari útskýringu á henni, þ.e. að með fullyrðingunni sé átt við að í



sjókvíum Arnarlax sé þéttleiki tryggður yfir sumar og vetur svo fiskur fái sitt pláss og að innanhúss markmið séu að vera undir þeim hámarkum sem Umhverfisstofnun hafi gefið. Þá birtist á vefsíðu félagsins, samhliða fullyrðingunni, texti sem segir að Arnarlax tryggi gæði laxins með því að styðja við heilbrigði fiska og draga úr umhverfisáhrifum með nýjungum í laxeldi. Að mati Neytendastofu styður hvorugt með fullnægjandi hætti markaðssetningu Arnarlax um að laxeldi félagsins séu *sjálfbær*.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að hinn almenni neytandi tengi hugtökin *sjálfbær* og *sjálfbærni* eins og þau eru sett fram í markaðs- og kynningarefni félagsins við umhverfisjónarmið frekar en samfélagsleg eða efnahagsleg. Jafnframt telur Neytendastofa að hinn almenni neytandi tengi hugtökin *sjálfbær* og *sjálfbærni* almennt við kosti vöru eða þjónustu og geti fullyrðingarnar því haft áhrif á ákvörðun hans um að eiga viðskipti.

Er lýtur að orð- og myndmerkjum félagsins að þá eiga sömu sjónarmið og að framan greinir við þau. Í þeim er að finna óljósa og almenna vísun til þess að lax úr laxeldi félagsins sé *sjálfbær*. Fullyrðingarnar birtast einar og sér og án nokkurra viðbótarupplýsinga. Fyrir ofan orð- og myndmerki Arnarlax er teiknuð mynd af fiski sem aftur á móti hefur einnig allt útlit laufblaðs og telur Neytendastofa það renna enn frekar stoðum undir að hinn almenni neytandi tengi orð- og myndmerkin, og hugtakið *sjálfbær* sem þar kemur fram, við náttúru og umhverfi, og að starfsemi og vörur félagsins séu *umhverfissvænar* eða hafi í það minnsta hlutlaus áhrif á umhverfið. Þá felst í orð- og myndmerkjunum almenn og óljós fullyrðing sem er að mati Neytendastofu villandi gagnvart neytendum.

4.

Undir rekstri málsins hefur því verið haldið fram af Arnarlaxi að Neytendastofa fari ekki með eftirlit með útgáfu rekstrarleyfa, starfsleyfa eða annarra atriða sem eiga við um starfsemi Arnarlax. Þá hefur því verið haldið fram að Neytendastofa hafi ekki heimild til að banna notkun á skráðu orð- og myndmerki og þá með vísan til þess að annað stjórnvald, Hugverkastofan, fari með skráningu og eftirlit með vörumerkjum. Rétt er að Neytendastofa hefur ekki sérstakt eftirlit með útgáfu þeirra starfs- eða rekstrarleyfa sem vísað hefur verið til eða almennrar skráningar vörumerkja. Aftur á móti fer stofnunin með eftirlit með lögum nr. 57/2005 í þágu neytenda og ber að framfylgja boðum og bönnum laganna, ef tilefni er til. Grundvöllur fyrirbyggjandi máls er ekki eftirlit með starfs- eða rekstrarleyfum eða atriði er kann að varða þau heldur óréttmætar og villandi fullyrðingar sem birst hafa í markaðs- og kynningarefni félagsins. Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Samkvæmt gildisviði laganna nær það til hvers konar atvinnustarfsemi, sem fram fer gegn endurgjaldi, án tillits til þess af hverjum hún er rekin, sbr. 1. og 3. gr. laganna. Hugtakið viðskiptahættir er skilgreint með víðtækum hætti samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna og nær þannig til markaðssetningar eða annarra athafna, athafnaleysis eða háttsemi sem tengjast kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru eða þjónustu.



Það er álit Neytendastofu að þó í sérlögum sé að finna ákvæði um eftirlit sérstakra stjórnvalda með tiltekinni atvinnugrein eða ákveðnum þáttum þeirra atvinnugreina þá falli eftirlit með viðskiptaháttum gagnvart neytendum ávallt undir eftirlitssvið Neytendastofu samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005. Þrátt fyrir að vörumerki fyrirtækja hljóti skráningu hjá Hugverkastofunni getur falist í vörumerkjum villandi fullyrðingar á grundvelli ákvæða laga nr. 57/2005 enda sæta slíkar fullyrðingar eftirliti Neytendastofu sbr. framangreint. Það er því ljóst að fullyrðingar sem fram koma í skráðum vörumerkjum fyrirtækja eru ekki undanskyldar ákvæðum laga nr. 57/2005. Að framangreindu virtu er það álit Neytendastofu að það sé engum vafa undirorpið að eftirlits- og valdheimildir stofnunarinnar nái einnig til notkunar fullyrðinga sem birtast í orð- og myndmerkjum félaga og það óháð því hvort umrædd orð- og myndmerki hafi fengist skráð sem vörumerki fyrirtækis.

Undir rekstri málsins hefur Neytendastofa vísað til leiðbeinandi reglna um auglýsingar og umhverfisvernd nr. 559/1994. Líkt og að framan greinir er í 6. gr. umræddra reglna kveðið á um að ef orðið umhverfisvænt er notað, eða önnur sambærileg, verði að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hefur frá upphafi til enda. Hér er átt við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún er lögð til hliðar. Þrátt fyrir að leiðbeiningar séu óskuldbindandi fyrir fyrirtæki eru þær til leiðsagnar fyrir fyrirtæki sem kjósa að nota fullyrðingar sem vísa til umhverfis í starfsemi sinni. Í leiðbeiningunum er m.a. mælt fyrir um svokallaða lífsferilsgreiningu (*e. lifecycle assessment*) en niðurstaða slíkrar greiningar gefur góða útlistun á umhverfisáhrifum ákveðinnar starfsemi og getur því stutt við að starfsemi sé *sjálfbær* eða *umhverfisvæn*. Þau gögn og upplýsingar sem Arnarlax hefur lagt fram undir rekstri málsins sýna ekki fram á með óyggjandi hætti að farið hafi verið í slíka, eða sambærilega, greiningu, sem stutt gæti við fullyrðingar félagsins.

5.

Til þess er að líta að notkun Arnarlax á fullyrðingum sem innihalda hugtökin *sjálfbær* og *sjálfbærni* er nokkuð víðtæk og áberandi. Notkunin er tengd við orð- og myndmerki félagsins sem kemur fram á vefsíðu félagsins, í blaðaauglýsingum og öðru markaðs- og kynningarefni félagsins. Það er álit Neytendastofu að notkun Arnarlax á hugtökunum sé almenn og óljós og ekki studd viðhlítandi gögnum og gefi þannig hinum almenna neytanda ranglega til kynna að laxeldi félagsins í sjókvíum sé að fullu *sjálfbært* og hafi þannig engin eða í það minnsta hlutlaus áhrif á umhverfið og sé þannig líkleg til að hafa áhrif á ákvörðun hins almenna neytanda um að eiga viðskipti.

Að öllu ofangreindu virtu er það álit Neytendastofu að notkun og framsetning þeirra fullyrðinga og orð- og myndmerkja, sem afmörkuð hafa verið undir rekstri málsins og gert er grein fyrir að framan, sé almenn og óljós og sé villandi og óréttmæt gagnvart neytendum. Telur Neytendastofa að notkun umræddra fullyrðinga og orð- og myndmerkja brjóti gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9 gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.



III.

Ákvörðunarorð:

„Arnarlax ehf., Strandgötu 1, 465 Bíldudal, hefur með notkun fullyrðinganna *“Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms”* og *“Sustainability – it’s in our nature”* í markaðs- og kynningarefni félagsins brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Arnarlax ehf. hefur með notkun orð- og myndmerkjanna *“Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon”* og *“Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax”* brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Arnarlaxi ehf. notkun framangreindra fullyrðinga og orð- og myndmerkja í markaðs- og kynningarefni félagsins þannig að villandi sé fyrir neytendur. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 12. desember 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir